

## 21. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

---

**HALDIN Á BJARNARBRAUT 8, MÁNUDAGINN 12. DESEMBER 2022 KL. 10:00**

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, mánudaginn 12. desember kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi og á Teams.

Mætt voru:

**Úthlutunarnefnd:** Jónína Erna Arnardóttir, Sigríður Finsen, Kristján Sturluson, Brynjar Sigurðsson og Helena Guttormsdóttir formaður stjórnar var á Teams,

**Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV:** Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning

Sigríður Finsen setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Svölu Svavarsdóttur orðið sem fór yfir skipulag fundarins.

### 2. Úthlutunarfé

Á Haustþingi SSV 2022 var samþykkt að nýta 60 m.kr. af fjárveitingu til Sóknaráætlunar Vesturlands til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Sjóðurinn hefur því 60 m.kr. til úthlutunar á árinu 2022. Ákveðið hefur verið að fjármagninu á árinu 2022 verði skipt með óbreyttum hætti, þ.e. 31 m.kr. fari til menningarstyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja menningar og 29 m.kr. fari til atvinnu- og nýsköpunarstyrkja.

### 3. Umsóknir um styrki til atvinnu- og nýsköpunarstyrkja 2023

Atvinnuráðgjafarnir, Ólöf Guðmundsdóttir og Ólafur Sveinsson gerðu grein fyrir mati fagraðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagraðs. Samþykkt var að úthluta kr. 15.880.000 til 19 umsókna en alls bárust 32 umsóknir.

### 4. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL MENNINGARVERKEFNA OG STOFN- OG REKSTRARSTYRKJA 2023

Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknir sem bárust í hluta stofn- og rekstrarstyrkja annars vegar og menningarstyrkja hins vegar og ræddu mat fagraðs. Samþykkt var að úthluta í stofn- og rekstrarstyrki kr. 4.750.000 til 5 umsókna en alls bárust 7 umsóknir í þann hluta. Einnig var samþykkt að úthluta kr. 27.450.000 til 57 umsókna en alls bárust 82 umsóknir í þann hluta.

## 5. Niðurfelling eldri styrkja

Svala kynnti og lagði til niðurfellingu eldri styrkja sem koma til vegna þess að hætt var við verkefni eða að verkefni kláruðust ekki.

-Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir 2.750.000 felld niður 31.12.2022

-Menningarstyrkir 3.275.000 felld niður 31.12.2022

-Stofn- og rekstrarstyrkir 100.000 felld niður 31.12.2022

Samþykkt var að fella niður styrkina

Samþykkt að nýta 1,2 mkr. af uppsöfnuðu fé í menningarhlutahluta úthlutunar 2023 en annað uppsafnað fé nýtt í sérstaka úthlutun öndvegisstyrkja síðar á árinu.

## 6. Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Starfsmönnum SSV ásamt Helenu formanni falið að ákveða staðsetningu og tímasetningu en hún er áætluð um miðjan janúar 2023.

## 7. Annað

Helena ræddi um að úthlutunarnefnd þyrfti að koma saman í febrúar eða mars og ræða úthlutun öndvegisstyrkja ásamt því að fara yfir kynningu á Uppbyggingarsjóði Vesturlands og verkferlum.

Ákveðið að boða fund sem verður haldin í lok febrúar eða byrjun mars.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45.